

Staðfesting forsetans á skipulagskrá fyrir Minningarsjóð Mikkalínu Friðriksdóttur og manns hennar Kristjáns Oddssonar Dýrfjörðs, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 22. júlí 1968.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Mikkalínu Friðriksdóttur
og manns hennar Kristjáns Oddssonar Dýrfjörðs.

1. gr.

Sjóðurinn heitir: Minningarsjóður Mikkalínu og Kristjáns Oddssonar Dýrfjörðs.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af Kristjáni Dýrfjörð rafvirkja, til minningar um foreldra hans Mikkalínu og Kristján Oddsson Dýrfjörð, með minningargjöf að fjárhæð kr. 10 000.00 — tíu þúsund krónur —.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að veita félagsmönnum í Félagi eftirlitsmanna með raforkuvirkjum, skammstafað F. E. R., styrki til framhaldsnáms varðandi eftirlitsstörf og erlendra kynningarferða til að kynnast eftirliti með raforkuvirkjum svo og annað það, er eflt getur menntun F. E. R. félaganna á starfssviði þeirra.

4. gr.

Sjóðurinn er sjálfseignarstofnun í vörzlu fjögurra manna sjóðsstjórnar. Hana skipi eftirlitsstjóri ríkisins með raforkuvirkjum, og sé hann formaður sjóðsstjórnar, tveir valdir á aðalfundi F. E. R. og fjórði maðurinn sé einn af sonum gefandans eða sá eða sú, er nánustu ættingjar velja.

5. gr.

Sjóðsstjórnin skal sjá um ávöxtun höfuðstóls sjóðsins í ríkissjóðstryggðum verðbréfum, eða í sparisjóðsbókum. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið, og skal sjóðsstjórn árlega birta ársreikninginn, endurskoðaðan af tveimur endurskoðendum tilnefndum af F. E. R. í skýrslum stjórnar F. E. R.

6. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða og aldrei má lána úr sjóðnum né veðsetja hann. Vextir skulu leggjast við höfuðstólinn þangað til sjóðurinn er orðinn kr. 75 000.00, þá $\frac{1}{3}$ vaxta þangað til höfuðstóllinn er orðinn kr. 200 000.00. Eftir það skal leggjast við höfuðstólinn $\frac{1}{10}$ vaxtanna. Þegar sjóðurinn hefur náð þessu marki, getur sjóðsstjórnin fært út starfssvið hans sé hún einhuga um það, en aldrei má vika frá grundvallarreglunni í 3. gr.

Komi það fyrir eitthvert ár, að enginn eða ekki fullur styrkur sé veittur úr sjóðnum, ákveður sjóðsstjórn, hvort hið óráðstafaða fé skuli lagt við höfuðstól eða því bætt við úthlutun næsta árs eða næstu ára.

7. gr.

Styrkinn skal auglýsa bréflaga til félaga í F. E. R. í janúar ár hvert. Úthlutun úr sjóðnum skal fara fram fyrir marzlok ár hvert. Sjóðsstjórn sér um úthlutun styrkja.

8. gr.

Sjóðinn má efla með minningargjöfum og framlögum er einstaklingar, fyrirtæki og félög vilja leggja fram. Þá skal sjóðurinn fyrst um sinn njóta árlegs framlags frá F. E. R., er aðalfundur félagsins ákveður á hverjum tíma, og skal það fé lagt við höfuðstól sjóðsins. Einnig getur stjórn sjóðsins aflað honum tekna með öðrum hætti.

9. gr.

Verði F. E. R. lagt niður eða sameinað öðru félagi, skal Minningarsjóður Mikkalínu og Kristjáns Oddssonar Dýrfjörðs starfa áfram sem sérstök stofnun undir stjórn Sambands íslenzkra rafveitna.

Sjóðurinn beri eftir sem áður sama nafn, og starfi í höfuðdráttum samkvæmt skipulagsskrá þessari.

10. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

28. júní 1968.

Nr. 238.

AUGLÝSING

um umferð í Búðareyrarkauptúni í Reyðarfirði.

Eftir heimild í 2. mgr. 65. gr. umferðarlaga nr. 40 1968 og að fengnum tillögum hreppsnefndar Reyðarfjarðarhrepps, hefur eftirfarandi verið ákveðið varðandi umferð í Búðareyrarkauptúni við Reyðarfjörð:

1. Biðskylda er ákveðin við eftirtaldar götur gagnvart Aðalbraut: Mánagata, Heiðavegur, Hafnargata, Búðavegur, Ásgerði, Aragata, Bakkavegur, Bakkagerðisvegur, uppkeyrsla af bryggju á Bakkagerðiseyri, Brekkugata og Öldugata.
2. Bannað er að leggja ökutæki báðum megin Aðalbrautar við íbúðarhúsið Garð á 50 metra kafla.
Bannað er að leggja ökutæki á 25 metra kafla báðum megin vegar við Verzlunina Framsókn.
3. Um stíg, sem sker Aðalbraut, og liggur á milli íbúðarhúsanna Framtíðar og Ekru, er allur akstur bannaður.
Umferðarmerki verða sett upp í samræmi við auglýsingu þessa.

Þetta tilkynnist öllum, sem hlut eiga að máli.

Lögreglustjórinn í Suður-Múlasýslu, 28. júní 1968.

Valtýr Guðmundsson.